

Magnús Hauksson

Menningarkennsla og menningarmiðlun sendikennara¹

Efniságrip: Sendikennarar leggja af mörkum drjúgt starf við miðlun íslenskrar menningar erlendis. Það fer fyrst og fremst fram á vettvangi kennslunnar – þ.e.a.s. innan ramma málakennslunnar og í sérstökum námskeiðum um bókmenntir, menningu og samfélag – en einnig hafa sendikennarar tekið þátt í að skipuleggja dagskrár fyrir almenning um íslenskar bókmenntir og menningu, oft í frjórri samvinnu við aðila utan háskólastofnana í Norðurlandafræðum og móðurmálsfræðum. Gefið er yfirlit yfir þennan þátt í starfi sendikennara og sjónum einkum beint að gildi menningarkynninga fyrir kennsluna í íslensku máli og menningu.

1. Inngangur

Í erindi mínu hér á eftir vil ég gefa yfirlit um menningarkennslu íslenskra sendikennara/íslensku-kennara erlendis og menningarkynningu þeirra.² Í seinni hlutanum mun ég sérstaklega beina sjónum að víxlverkandi gildi þessara starfsþátta. En í upphafi vil ég rissa upp grófa mynd af þeim ramma sem menningarkennsla sendikennara fer fram í. Ég tek það fram að hugtakið menningarkennsla læt ég bæði ná yfir kennslu í íslenskum bókmenntum og uppfræðslu um land og þjóð, menningu, sögu og samfélag. Sérniðin námskeið um slík efni eru allvíða á dagskrá Norðurlandafræða og íslenskukennslu og ganga undir ýmsum nöfnum: *samfund og kultur, Landeskunde, civilisation...*

2. Ramminn um kennsluna – nemendahópurinn

Rammi Norðurlandafræðikennslunnar almennt og íslenskukennslunnar sér í lagi mótast af sögu fagsins, hefðum og fleiri aðstæðum. Lítum á þrjá punkta áður en lengra er haldið:

Fyrst af öllu ber að hafa í huga að langvíðast þar sem íslenska er kennd erlendis við háskóla er íslenskan hluti af stærra fagi. Hún er (valfrjáls) hluti af móðurmálsfaginu (á Norðurlöndum), af Norðurlandafræðum/norrænum fræðum, germönskum fræðum eða ensku. Undantekningar eru London, Winnipeg (þar sem hægt er að leggja stund á íslensku til B.A.- og M.A.-prófs), Björgvin og Osló (þar er gefinn kostur á að taka íslensku sem „delfag“ eða „semesterfag“ (hálfis árs nám)).³

¹ Greinin er að stofni til fyrirlestur fluttur á ráðstefnu um íslensku sem erlent mál /íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands 17.8.-19.8.2006. Textinn var endurskoðaður í júlímánuði 2007 áður en hann var settur á vef Stofu Sigurðar Nordals. Ég þakka Ellerti Jóhannssyni, Jóni Gíslasyni, Irene R. Kupferschmied og Úlfari Bragasyni yfirllestur og athugasemdir.

² Í fyrirlestrinum er hugtakið sendikennari notað yfir þá íslenskukennara sem starfa við þá 16 háskóla sem athugun mín nær fyrst og fremst til þótt sumir þeirra hafi ekki verið ráðnir með aðkomu íslenskra stjórnvalda og séu þar með ekki sendikennarar í strangasta skilningi – sumir kennaranna eru í föstum stöðum með ótímabundna ráðningu. Flestar kennarastöðurnar, sem hér er um að ræða, eru studdar af íslenska ríkinu.

³ Mér til hægari verka nota ég í framhaldinu hugtakið Norðurlandafræðistofnanir án tillits til raunverulegs stofnanaramma íslenskukennslunnar, þ.e.a.s. hvort ramminn sé í raun og veru stofnun í ensku, germönskum fræðum eða hugsanlega samanburðarbókmenntafræði með norrænni deild.

Í annan stað skal þess getið að innan þess fags eða þeirrar stofnunar sem hýsir íslensku er jafnan lögð stund á bæði norræn málvísindi og bókmenntir. Undantekningar eru þó stofnanirnar í Uppsölum og Gautaborg þar sem um er að ræða málvísindastofnanir í móðurmáli og norrænum málum en lögð er stund á bókmenntir Norðurlanda á bókmenntafræðistofnunum þessara háskóla. Á færri stöðum er fengist við það sem við skulum kalla hér eftir menningarfræði og ég nota sem þýðingu á þýska orðinu „Kulturwissenschaft“.⁴

Í þriðja lagi: Löng hefð er fyrir því að sinna fornnorrænum málum (þar á meðal forn-íslensku) og fornnorrænum bókmenntum og menningu við stofnanir í norrænum fræðum/Norðurlandafræðum og innan móðurmálsfagsins (á Norðurlöndum) en á síðustu áratugum hefur áherslan verið að færast í síauknum mæli á seinni tíma. Sú kennsla á sér m.ö.o. styttri hefð en fornnorrænukenndan. Á það má gjarna minna að kenndan í forníslenskum/fornnorrænum fræðum („*philologiu*“) hefur löngum falið í sér talsvert sterka áherslu á menningarlegt og sögulegt samhengi texta.

Heildarmyndin af kennsluframboði Norðurlandastofnananna er í stórum dráttum sú að áherslurnar liggja fyrst og fremst á fjórum sviðum: 1) Eldri vesturnorrænum bókmenntum og menningarsögu með eilítilli málsögu, útgáfu- og handritafræðum sums staðar, 2) 19. og 20. aldar bókmenntum Dana, Svía og Norðmanna, 3) menningarfræðum er hafa sögu, samfélag og menningu sömu þjóða fyrst og fremst í brennidepli og 4) nútímamálvísindum. Fáar stofnanir gera öllum þessum fagsviðum skil í kennsluframboði sínu en það þekktist þó (Berlín og Vín a.m.k.). Á flestum eru það liðir eitt og tvö sem mynda rauða þráðinn í kennslunni, sér í lagi á stofnunum utan Norðurlanda (á Norðurlöndum er, eins og fyrr er sagt, íslenskukennslu víða komið fyrir á stofnunum er sinna kennslu og rannsóknum í móðurmálinu og Norðurlandamálum (málvísindalegar áherslur víðast)). Utan ofanefndra fjögurra meginsviða eru umfangsmiklir efnisflokkar eins og t.d. bókmenntir og menningarsaga síðmiðalda, fyrstu skeiða nýaldar og sömuleiðis menning og samfélag Atlantshafseyjaþjóðanna á seinni öldum.

Einn vandinn, sem uppfærðslan um íslenska menningu og samfélag á við að stríða, er að í samnorrænum námskeiðum um bókmenntir, menningu og samfélag Norðurlanda á seinni öldum er ekki alltaf mikið rúm fyrir íslensk efni. Ekki er því ætíð á það að treysta að íslenskum bókmenntum og íslensku samfélagi á síðustu tímum séu gerð mikil skil utan námskeiða sendikennara, t.d. í inngangsnámskeiðum um skandínavískar bókmenntir eða menningarfræði. Þar við bætist að séríslensk bókmennta- og menningarefni eru ekki títt á dagskrá í námskeiðum annarra kennslukrafta Norðurlandastofnananna en íslenskulektoranna – á þessu eru þó gleðilegar undantekningar (hér má nefna Winnipeg, Erlangen, Köln og Zürich). Heildarramminn um kennsluna í Norðurlandafræðum og áherslur annarra kennslukrafta á stofnununum eru ekki alltaf hagstæðar íslenskukennslunni og kynningu íslenskrar menningar að þessu leyti. Íslenska hefur oftast stöðu eins konar aukagetu: Lögð er höfuðáhersla á önnur viðfangsefni en boðið er upp á íslensku, t.d. sem annað norræna málið eða val og líkt virðist þessu vera farið um menningarkennslu.⁵

En íslenskir sendikennarar gera sitt til að gera hlut íslenskrar menningar sem bestan. Hér á meðfylgjandi yfirliti er sýnt framboðið af námskeiðum um bókmenntir, menningu og

⁴ Berlín og Vín. Í London er lögð stund á Norðurlandasögu og kennarastóll í þeirri grein er við Norðurlandafræðistofnunina. Kennarastóll í Norðurlandasögu er einnig við háskólana í Kiel og Greifswald en ekki við Norðurlandafræðistofnanirnar heldur sagnfræðistofnunina. Við Norðurlandastofnanirnar við frönsku háskólana í Caen, París og Lyon er einnig fengist við sögu Norðurlanda.

⁵ Ég hef á öðrum vettvangi tekið þennan vanda íslenskukennslunnar til meðferðar: Magnús Hauksson: „Eine „kleine“ Sprache unterrichten“, *Österreich im Norden – Der Norden in Österreich. Forschung trifft Praxis. Tagungsband* (Wechselbeziehungen Österreich – Norden (WÖN) 1), Redaktion: Matthias Langheiter-Tutschek, Wolfgang Malik, Sven Hakon Rossel, Edition Praesens, Wien 2003, 38-44.

samfélag á þeim stöðum sem sendikennarar/íslenskukennarar starfa.⁶ Sú mynd sem leitast er við að draga upp miðast við nokkur undanfarin ár.

Sendikennar kenna allir fyrst og fremst íslenskt nútímamál, í hlut sumra kemur að kenna íslenskt mál að fornu (Uppsali, Gautaborg, München, Berlín, Caen). Þar að auki kenna margir námskeið um íslenskar bókmenntir (Helsinki, Uppsali, Gautaborg, Kaupmannahöfn, Björgvin, London, Vín, München, Berlín, Greifswald, Kiel, París, Caen, Lyon) og margir íslenskukennaranna bjóða að auki nokkuð reglulega upp á námskeið um menningu, samfélag og sögu Íslands (Vín, Berlín, München, Greifswald, London, Winnipeg, Kaupmannahöfn, Uppsali, Gautaborg, Lyon, Caen, París). Á stofnununum, sem sendikennarar starfa við, standa aðrir kennarar en sendikennarar í mörgum tilfellum einnig fyrir kennslu í menningarfræðum tengdum Norðurlöndum almennt / „skandinavistiske Kulturwissenschaft“ (sbr. neðanmálgrein 4) og bókmenntum, einkum og sér í lagi þá norrænum/íslenskum fornbókmenntum (Björgvin, Kaupmannahöfn, Kiel, Greifswald, München, Erlangen, Berlín, Vín, Winnipeg, London, Caen, París, Lyon). Í fáeinum tilvikum taka sendikennarar þátt í að kenna norrænar fornbókmenntir, sér í lagi þar sem sendikennarastaðan er skipulagslega hýst innan stofnana sem leggja áherslu í rannsóknum og kennslu einkum á norræn málvísindi (Helsinki, Uppsali og Gautaborg).⁷

Önnur kennsla „sendikennara“ en málakennsla⁸

Bókmenntakennsla sendikennara ⁹	Kennsla annarra en sendik. í ísl. bókm	Samfélags-, sögu og/eða menningarkennsla sendikennara	Málvísindanámsk. sendikennara
Helsinki (fornb.-nútímab.) Uppsali (nútímab.-fornb.) Gautaborg (fornbókmenntir) Björgvin Kaupmannahöfn	Björgvin (fornb.-nútb.) Kaupmannahöfn (fornb.)	Uppsali Gautaborg Kaupmannahöfn	Björgvin
Vín Berlín München	Vín (fornb.) Berlín (fornb.) München (fornb.) Erlangen (fornb.-nútb.)	Vín Berlín München	Berlín Erlangen (málsaga og handfræði)
Greifswald Kiel	Greifswald (fornbókmenntir) Kiel (fornbókmenntir)	Greifswald	
London	Winnipeg (fornb.-nútímab.)	London (kvikmyndir og þjóðsögur) Winnipeg	
Lyon Caen (fornb.-nútímab.) París	París	Lyon Caen (Íslandssaga, þjóðmenning (civilisation)) París	

3. Hvað er kennt?

Það skal haft í huga að íslenskukennslan, sem sendikennarar standa fyrir, er byrjendamálakennsla á háskólastigi.¹⁰ Þetta merkir að íslenskukennslan er í allt annarri aðstöðu en

⁶ Heimildir mínar eru árlegar skýrslur sendikennara, skýrslur sem nokkrir af sendikennurunum gerðu fyrir fáeinum árum um bókmennta- og menningarkennslu sína fyrir *Handbók um íslenskukennslu erlendis* og netsíður viðkomandi stofnana (sjá heimildaskrá).

⁷ Í Gautaborg er fornbókmenntakennsla sendikennara utan reglulegs kennsluskipulags stofnunarinnar (sbr. grein Kristins Jóhannessonar hér í þessu vefriti: Kristinn Jóhannesson: „Mannsaldur í þjónustu íslenskrar tungu erlendis“).

⁸ Allir sendikennararnir kenna íslenskt nútíðarmál og a.m.k. sendikennararnir í Uppsölum, Gautaborg, München, Berlín, Caen sjá um forníslenskukennslu.

⁹ Ef ekki er annað tekið fram er fyrst og fremst um að ræða kennslu í nútímabókmenntum. Þar sem sendikennarar sjá ekki um fornbókmenntakennslu sinna aðrir kennarar því sviði.

kennslan í stórtungunum, ensku, frönsku, þýsku eða spænsku, þar sem fólk hefur talsverða kunnáttu og færni með í farteskinu þegar það hefur háskólanám. Þetta hefur vissulega áhrif á það hvernig menningaruppfræðsla og málakennsla fléttast saman (sjá nánar rétt neðar).

Fólkið, sem kemur til okkar sendikennara, er á aldrinum 18/19 ára til 28/30. Nokkuð er um að fullorðið fólk með talsverða starfsreynslu og jafnvel ellilífeyrisþegar leggi stund á íslenskunám. Viðast hafa nemendur reynslu af að hafa lært tvö erlend tungumál í það minnsta (undantekningar frá þessu eru þó t.d. sumir „nemendur utan úr bæ“¹¹). Einnig einkennir það flesta nemendurna að þeir koma alloft í námskeið um íslenskt mál og íslensk efni eftir einhver kynni af Íslandi eða Íslendingum eða hafa af einhverjum öðrum ástæðum eindreginn áhuga á að kynna sér íslenska menningu (eru náttúruvinir, hestafólk, áhugafólk um víkingamenningu eða ásatrú). Forvitnin er því fyrir hendi. Ég tel brýnt að taka mið af þessum forsendum. Hér er semsagt ekki um að ræða nemendahóp í framhaldsskóla sem er að læra sitt fyrsta eða annað tungumál meðal margra annarra fjarskyldra faga vegna þess að menntahefðin og námskipulag skólans skikkar þá til þess. Uppskriftin að kennslunni er m.ö.o. ekki sú sama og gildir við ensku-, þýsku eða frönskukennslu fólks á aldrinum 11-19 ára. Einmitt varðandi hinn menningartengda þátt kennsluefnis og kennslunnar er þetta athugunar vert. 25 ára gömlum háskólanema, sem hefur tekið stefnuna á að skrifa lokaverkefni um ákveðna þætti í norrænum samtímabókmenntum, liggur vafalaust annað á hjarta en 13 ára unglungi og spyr því annarra spurninga um samfélag og menningu Íslands. Ætti að taka strangt mið af þessu við kennsluefnisgerð og val á efniviði til kennslu.

Varðandi menningarkennslu íslenskukennara erlendis skal hafa í huga að vettvangur hennar getur verið talsvert mismunandi – hún getur verið liður í málakennslunni eða farið fram í sérstökum námskeiðum. Augljóslega er munur á því annars vegar að kenna sérstök námskeið um land og þjóð þar sem kennslan fer oft fram á máli nemendanna og engar eða mjög litlar kröfur eru gerðar um kunnáttu í íslensku og hins vegar að flétta uppfræðslu um land og þjóð inn í námskeið í íslensku máli. Í fyrrnefndu námskeiðunum er markmiðið beinlínis að taka til meðferðar efni er varða náttúru landsins, sögu, samfélag, menningu og bókmenntir þjóðarinnar. Í seinna tilfellinu er tungumálið í brennidepli og bókmenntatextar og annað efni um land og þjóð eru viðfangsefni sem eiga fyrst og fremst að þjóna málakennslunni. Því er skiljanlegt að uppfræðslan um land og þjóð verði minna kerfisbundin en í hnitmiðuðum námskeiðum á því sviði. Oft eru ekki sömu nemendurnir í þessum námskeiðum – reynsla mín er sú að í námskeið um land og þjóð kemur talsvert af nemendum sem ekki sækja eða hafa ekki sótt námskeið í íslensku máli og eru því ekki að hugsa um sögu-, samfélags- og menningarþekkingu sem bakgrunn málanáms og málnotkunar. Í byrjendakennslunni er mikill vandi að flétta krefjandi og gefandi menningarefni inn í málakennsluna.

Þriðja gerðin af námskeiðum er til: Þar er um að ræða námskeið fyrir nemendur sem lært hafa talsvert í íslensku og vilja takast á við að lesa íslenskar bókmenntir á frummálinu og íslenska texta um valin efni er snerta menningu, samfélag og sögu. Þarna er um að ræða eins konar millistig á milli fyrrnefndu námskeiðanna tveggja: samsteypu af málanámskeiðum fyrir nemendur er hafa náð allháu lesfærnistigi í það minnsta og umfjöllun um menningu og samfélagsefni sem óhjákvæmilega verður að laga sig að því að nemendurnir eru ekki enn færir um að tala eða rita um hvað sem er á mjög fræðilegum nótum.¹² Tiltölulega fáir

¹⁰ Nemendur sendikennara, sem fara til Íslands í nám við H.Í. í íslensku fyrir erlenda stúdenta, hafa möguleika á því að hlaupa yfir fyrsta árið ef þeir ná prófum fyrsta árs í ágústlok áður en kennslan á öðru ári byrjar. Þetta hefur virst vera raunhæft markmið fyrir þá sem hafa verið við íslenskunám í fáein misseri erlendis og segir örlítið til um þá færni sem útlendir stúdentar geta náð erlendis.

¹¹ Nemendur sem ekki eru skráðir til náms við háskólann en fá að fylgjast með íslenskukennslunni.

¹² Það kennsluefni fyrir útlendinga, sem gerir samfélags- og menningarefni allhált undir höfði, beinist fyrst og fremst að þessum hópi nemenda: Jón Gíslason og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir: *Landsteinar. Textabók í íslensku fyrir útlendinga*, Málvísindastofnun HÍ., Rv. 1995; Bragi, <http://www2.hu-berlin.de/bragi/>, sótt 4.7.2007); samfélags- og menningarefnið í *Carry on Icelandic: Learn Icelandic and enjoy it!*, Stofnun Sigurðar

nemendur komast upp á verulega hátt færnistig í íslensku máli undir leiðsögn kennara erlendis án þess að dvelja á Íslandi og stunda nám þar, þ.e.a.s. svo hátt málfærnistig sem djúp samfélags- og menningarumræða krefst – til þess er tíminn, sem ætlaður er til íslenskukennslu of skammur, auk þess sem aðstæður og námsáherslur fárra nemenda leyfa eða krefjast þess að nemendur leggi þá vinnu í íslenskunámið sem nauðsynlegt er til að ná mikilli færni í málinu.¹³

Það væri óvarlegt að fara mikið út í hvað kennt er um íslenska menningu og bókmenntir því það leyfa heimildir mínar tæpast. Þó ætla ég að hætta mér út í að draga upp mjög grófa mynd.¹⁴

Varðandi bókmenntakennslu virðist almenna myndin vera að textar frá síðustu öld séu lesnir frekar en bókmenntir annarra tímabila og sér í lagi textar frá síðasta aldarfjórðungi. Halldór Laxness er einna vinsælastur sem þrengra viðfangsefni af sviði seinni alda bókmennta en þar fyrir utan má nefna sem dæmi námskeið um bókmenntir 19. aldar og þjóðsögur. Eins og fyrr er tekið fram kenna sendikennarar ekki almennt íslenskar fornbókmenntir, en jafnan sjá einhverjir aðrir um slíka kennslu á stofnunum svo víða hafa nemendur eitthvert veður af slíku og eiga þess kost að sækja kennslutíma um forníslenska menningu og bókmenntir. Mjög lítið er fjallað um bókmenntir tímabilsins frá u.þ.b. 1350-1820.

Þar sem einhver uppfærsla fer fram um land, náttúru, þjóð og menningu hennar almennt („*Landeskunde/realia*“) eru almenn inngangsnámskeið, sem taka á nefndum efnis-sviðum, haldin á allnokkrum stöðum. Einkum virðist vera fjallað um samfélag og menningu samtímans og nokkurra síðustu áratuga. Nokkuð er fjallað um sögu landsins og þá helst miðaldir og 20. öld.

Auk bókmenntanna eru íslenskar kvikmyndir frekar á dagskrá en aðrar listgreinar. Skipulögð hafa verið námskeið um sérefni eins og Reykjavík, íslenska tónlist og sýn ferðamanna og ferðabókahöfunda á Ísland.

Nú má velta fyrir sér hvers vegna skuli uppfærsla um menningu og bókmenntir. Í lesefni um menningar(fræði)kennslu virðast eftirfarandi ástæður einna tíðast dregnar fram¹⁵:

Nordals 2004 (sjá einnig: http://www.nordals.hi.is/page/arnastofnun_al_islandogislendingar og <http://digicoll.library.wisc.edu/cgi-bin/IcelOnline/IcelOnline-idx?id=IcelOnline.CarryOnIcel>, sótt 26.11.2007). – Fyrstu áfangarnir í *Icelandic on-line* eru frekar ætlaðir byrjendahópum (sjá: <http://icelandic.hi.is/>, sótt 4.7.2007).

¹³ Sbr. það sem sagt er um stöðu íslenskunnar innan Norðurlandastofnana í kaflanum á undan og ennfremur það sem sagt er um færnistig nemenda í neðanmálgrein 10.

¹⁴ Þetta er sú mynd sem ég hef fengið af lestri árlegra skýrslna sendikennara, skýrslna sem sumir þeirra unnu fyrir nokkrum árum fyrir *Handbók í íslenskukennslu útlendinga erlendis*, af óbirtum fyrirlestri Kristins Jóhannessonar á lektorafundi í Vín árið 1999 um hvað hann kenndi um samfélag og menningu og spjalli við reynda sendikennara.

¹⁵ Hér vísa ég til almenns efnis um menningarkennslu (*Landeskunde*): Manfred Erdmenger: *Landeskunde im Fremdsprachenunterricht* (Forum Sprache). Ismaning, Hueber 1996; Karen Risager: „Kulturformidling“, *Grundbog i Fremmedsprogspædagogik*. Redigeret af Gabriele Kasper & Johannes Wagner, Gyldendal, København 1989, 254-269; Karen Risager: „Kulturtilgælelse og kulturundervisning“, í: *Studier i dansk som andetsprog*, redigeret af Anne Holmen og Karen Lund, Akademisk forlag, København 1999, 207-236; Bischof, Monika / Viola Kessling / Rüdiger Krechel: *Landeskunde und Literaturdidaktik* (Fernstudieneinheit 3), Fernstudienprojekt zur Fort- und Weiterbildung im Bereich Germanistik und Deutsch als Fremdsprache, Kassel, München, Tübingen / Goethe Institut Inter Nationes, München / Langenscheidt, Berlin [...] 1999; Wicke, Rainer Ernst: *Kontakte knüpfen* (Fernstudieneinheit 9), [sömu útg. og útgáfust. og í síðustu færslu] 1995; Biechele, Markus / Alicia Padrós: *Didaktik der Landeskunde* (Fernstudieneinheit 31), [sömu útg. og útgáfust. og í síðustu færslu] 2003. Sérstaklega um menningarkennslu innan Norðurlandafræðanna má vísa til: Bernd Henningsen: „Nordeuropa-Studien. Die Skandinavistik als Kulturwissenschaft“, *Die Skandinavistik zwischen gestern und morgen. Bestandsaufnahme und Zukunftsperspektiven eines „kleinen Faches“* (Schriftenreihe der Akademie Sankelmark. Neue Folge 59), Herausg.: Bernd Henningsen und Rainer Pelka, 1984, 81-97; Bernd Henningsen: „Skandinavische Landeskunde – Nordeuropa-Studien. Zur Theorie und Praxis eines neuen Fachverständnisses“, *Auf-Brüche. Uppbrott og uppbyggingar í skandinavistisk metoddiskussion*, herausgegeben von Julia Zernack, Karl-Ludwig Wetzig, Ralf Schröder, Sabine Tiedke (Artes et Litterae Septentrionales 4), Literaturverlag Norden Mark Reinhardt, Leverkusen 1989, 72-105.

Hvers vegna kenna skal um menningu og bókmenntir.

- 1) Aukin menningarfærni. Miðla þarf nauðsynlegri bakgrunnsþekkingu og færni svo nemendur geti beitt málinu rétt við tiltekna aðstæður.
- 2) Áhugavaki. Margir stunda tungumálanám ekki síst vegna forvitni um þá þjóð/þær þjóðir sem tala(r) málið. Sjálfsagt er að reyna að svara henni og einnig að beita henni í málakennslunni.
- 3) Hægt er að læra af menningu, háttum og siðum annarra þjóða. (Svipuð rök og stundum eru notuð sem réttlætning sögukennslu: Við getum hugsanlega lært eitthvað af fortíðinni og fólki frá öðrum menningarheimum).
- 4) Kynna það sem er framandi. Heimurinn er ekki alls staðar eins.
- 5) Reynsla af því sem er framandi setur það sem er manni nákomandi í nýtt ljós. Nemandi tileinkar sér ný viðmið og gildi sem hann ber að eigin aðstæðum.
- 6) Auka skilning milli þjóða.

Viðbótarástæða er gildir sérstaklega fyrir háskólakennslu/háskólanám:

- 7) Með tilliti til að við erum að ræða um háskólanám, sem helst á að leiða til kunnáttu og færni er nýttist við ákveðin störf, er mikilvægt að bjóða upp á uppfræðslu um land og þjóð, samfélag, sögu og menningu til að gera nemendur færa um að starfa á vettvangi þar sem þessi þekking og íslenskukunnátta kemur til góða, t.a.m. við menningartengsl og -miðlun, viðskipti, fjölmiðlun, ferðaþjónustu

4. Menningarkynningar og menningarkennsla – jákvæð víxláhrif

Nú vil ég gera stutta grein fyrir framlagi og þátttöku sendikennara í skipulagningu menningarkynninga. Viðbæturinn, sem fylgir þessari grein, hefur að geyma lista yfir menningardagskrár og ráðstefnur sem stofnanirnar, sem sendikennarar/íslenskukennarar starfa við, hafa staðið fyrir síðustu 15 árin eða svo. Ég hef trú á að listinn sýni býsna vel umfang menningarkynningarstarfs sendilektoranna og íslenskukennara erlendis þótt ekki vilji ég halda því fram að ekkert hafi orðið útundan. Heimsókna einstakra fyrirlesara og listamanna er ekki getið á listanum því þá yrði hann allt of umfangsmikill.

Ef vel tekst til við að tengja menningardagskrá við kennslu er slíkt tvímælalaust afar hvetjandi fyrir nemendur. Meginpunkturinn varðandi víxlverkun menningarkennslu og menningarkynningarstarfs er sá að menningarkynningar og undirbúning þeirra þarf að flétta sem best inn í kennsluna og annað starf með stúdentum svo þær nýtist vel. Leiðir til að koma slíku í kring eru sérstök námskeið í kennsluframboði norrænustofnunarinnar um þá listamenn sem boðið hefur verið eða einhvers konar önnur kynning, t.d. í kennslutímum þótt ekki sé um heil námskeið að ræða, og stuttar dagskrár áður en hátíðin sjálf er haldin. Enn fremur er upplagt að fá nemendur til að taka þátt í undirbúningi, láta þá t.d. útbúa dagskrárbækling með stuttum kynningartextum um gestina í samvinnu við kennara.

Það skal ekki látið liggja í þagnargildi að menningarkynning fer einnig fram í fyrirlesturum fyrir almenning sem sendikennarar sumir hverjir hafa verið duglegir við að halda, með greinarskrifum í blöð og tímarit um íslenska menningu, skipulagningu á kvikmynda-

sýningum fyrir nemendur utan kennslu og ferðum nemendahópa til Íslands með tilheyrandi undirbúningi. Ærið oft er einnig leitað til sendikennara um ráðgjöf og upplýsingar varðandi íslensk efni. Hefur slíkt ekki minnkað eftir að tölvupósturinn kom til og aðgengi að háskólafólki hefur orðið auðveldara.

5. Reynslan af að kenna og skipuleggja menningarviðburði á þremur stöðum

Það er vissulega misjafnt hve vel tekst til að vekja áhuga nemenda á menningarkynningardagskrám.¹⁶ Reynsla mín frá München opnaði augu mín fyrir hve miklu svona dagskrár geta komið til leiðar. Þar var jarðvegurinn fyrir slíka viðburði sérstaklega góður og vel hlynnt að honum. Talsverð áhersla var og er á kennslu samtímabókmennta í München og Uwe Englert, einn kennaranna, sem sá um hana þegar ég var þar, var lykilmáður í skipulagningu þeirra menningardagskráa sem starfskraftar stofnunarinnar stóðu fyrir. Nemendurnir kunnu að meta þetta framtak enda voru þar á meðal tiltölulega margir stúdentar sem sérstaklega höfðu áhuga á samtímabókmenntum Norðurlanda. Er þarna eitt dæmi um að áhrif ganga á víxl: Stofnun, sem leggur áherslu á tiltekin efnissvið, dregur að sér stúdenta með áhuga á þeim, áhugi stúdenta hvetur enn til athafna af kennaranna hálfu til að starfið með stúdentunum eflist enn. Því má svo bæta við lýsinguna á baklandinu að München er mikil bókaforlagsborg og töluverður mannskapur hefur vinnu þar við bókaútgáfu. Það liggur í loftinu, ef svo má segja, að ýmsir eru á höttunum eftir höfundum til útgáfu. Stúdentar okkar stefndu náttúrliga sumir á þennan starfsvettvang í framtíðinni. Þeir gátu vel hugsað sér að afla sér reynslu sem gæti komið þeim til góða þegar þeir færu að leita að vinnu við þýðingar eða forlagsstörf.

Þegar menningardagskrá stóð fyrir dyrum var einatt ráðist í að kynna listamennina rækilega fyrir stúdentum fyrirfram. Í þessu skyni voru t.d. námskeið skipulögð. Gat þar verið um að ræða heilsmisserisnámskeið sem voru hluti af kennsluframboðinu, einn eða fleiri kennarar sáu um og nemendur gátu lokið á venjulegan hátt með prófi eða ritgerð. Einnig var stundum boðið upp á námskeið sem stóð eina helgi eða fáeinar helgar og voru ekki endilega inni í reglulegu námsframboði. Á þessum helgarnámskeiðum skiptu kennararnir með sér að leggja til efni og uppfræða. Dagskráin var nokkuð þétt en það skapaðist oft góð stemmning meðal þátttakenda og hæfileg eftirvænting eftir að kynnst gestum nánar. Fyrir utan ofanefnt voru einstök verk höfundanna gjarna tekin til meðferðar í almennum námskeiðum þar sem tilefni gafst til þess og málakennararnir völdu texta viðkomandi höfunda sem viðfangsefni ef tók voru á því. Ég leitaðist við að bjóða upp á námskeið um íslenskar samtímabókmenntir með íslensku gestina í brennidepli þegar bókmenntakynningar voru framundan. Þá las ég í tiltækum þýðingum efni eftir væntanlega íslenska gesti. Þessum hætti hélt ég í Vín.

Hér verður að skjóta inn að geysimikilvægt er að þýðingar séu fyrir hendi þegar rithöfundum er boðið. Þetta hljómar kannski sem dálítið þversagnarkennd fullyrðing því markmiðið með boði til höfundar er auðvitað að kynna hann á hinu erlenda málsvæði og gefa forlagsfólki kost á að sjá viðkomandi og heyra. En undirbúningsvinnan með nemendum verður mun skilvirkari ef hægt er að nota þýðingar og eins næst til fleiri; undirbúningsurinn nýtist stærri hópi en þeim er leggur stund á íslenskt mál. Þetta hygg ég að megi sömuleiðis segja almennt um kennsluna í íslenskum bókmenntum erlendis: Kennslan byggist í mjög ríkum mæli á þýðingum. Í málakennslunni er reyndar oft gripið til íslenskra barnabóka og smásagna á frummálinu til að vinna með svo líklega fá nemendur helst nasasjón af bókmenntatextum úr þeim greinum. Verður því ekki neitað að þessar aðstæður valda því að vissulega er það dálítið takmörkuð mynd sem nemendur fá af íslenskum bókmenntum. Ef út í

¹⁶ Höfundur þessarar greinar var sendikennari í íslensku við háskólann í München 1992-97, við Vínarháskóla 1997-2003 og hefur verið sendikennari við Kaupmannahafnarháskóla frá 2003.

Það er farið má segja að valið á íslenskum verkum til þýðinga sé einhver mikilvægasti áhrifaþátturinn varðandi það hvaða verk skipa „kanon“ íslenskra bókmennta erlendis og þá þar með við Norðurlandastofnanirnar. Þetta er ekki sami „kanon“ og á Íslandi og „íslensku bókmenntakanonarnir“ eru einnig mismunandi eftir málsvæðum.

Stofnunin í Vín lagði áherslu á fleiri svið Norðurlandafræða en gert var í München. Auk fornnorrænna bókmennta og 19. og 20. aldar bókmennta Svía, Dana og Norðmanna var einnig lögð stund á norræn málvísindi og síðustu misserin í vaxandi mæli „skandinavistische Kulturwissenschaft“ auk þess sem baltnesk fræði voru að skjóta rótum. Nemendahópurinn var því að líkindum með breiðara áhugasvið en í München. Þótt engin vísindaleg athugun liggi þeirri ályktun til grundvallar þá sýndist mér fjöldinn koma til okkar í Vín með mjög almennan áhuga á Norðurlöndum (á auðvitað líka við um drjúgan hluta norrænustúdentna í München). Áhugi nemenda beindist mikið að því að afla sér almennrar þekkingar um svæðið og færni í tungumálunum. Í bókmenntakennslunni var lögð áhersla á sigildar norskar, danskar og sænskar bókmenntir og samtímabókmenntir síður í brennidepli en raunin var í München. Ég vil trúa því að þessar aðstæður hafi að einhverju leyti orðið þess valdandi að okkur tókst aldrei eins vel upp við að skapa eftirvæntingu og áhuga meðal nemenda okkar fyrir rithöfundum sem við buðum til Vínar eins og í München. Einu sinni eða tvisvar skiptum við sendikennararnir á milli okkar að kynna væntanlega gesti. Til að ná til sem flestra fórum við í tíma hvert hjá öðru og héldum okkar kynningartölu fyrir nemendum. Þannig fengu stúdentar nokkurn forsmekk af flestum gestanna áður en þeir komu, ekki bara af þeim er skrifa á því máli sem hver og einn nemandi lagði mesta stund á. Auk þess unnum við að sjálfsögðu með okkar hópum með texta höfundanna, ýmist á frummálinu eða í þýðingu. Þetta skapaði dálitla forvitni og bar nokkurn árangur.

Það sama á við í Vín og München að almennt framboð af menningarviðburðum er náttúrlega yfirfljótanlegt og því erfitt að vekja athygli á sér. Athyglina er helst hægt að vekja meðal áhugafólks sem vitað er fyrirfram að fylgist með samfélags- og menningarmálum á Norðurlöndum. Bæði í München og í Vín voru starfandi félög Dana, Svía, Íslendinga o.s.frv., vinafélög Þjóðverja/Austurríkismanna og Norðurlandaþjóðanna og sendiráð eða ræðismannsskrifstofur. Við alla þessa aðila var haft samband og dagskrárnar kynntar á þeirra vettvangi. Til að komast út fyrir hring Norðurlandabúa í borgunum og vildarvína þeirra tókst einnig samstarf við menningarstofnanir sem höfðu annan „viðskiptamannahóp“ ef svo má segja. Bæði í Vín og München starfa svokölluð „Litteraturhäuser“ sem standa fyrir mjög umfangsmiklum bókmenntadagskrám allan ársins hring. Það var því mjög vel séð fyrir allri kynningu þegar viðburðir Norðurlandastofnananna voru innlimaðir í dagskrár Literaturhaus í München og Vín. Sama var að segja um bókmenntakynningu í samstarfi við félagasamtök sem heita „Bayern liest“ og stendur fyrir árlegri bókmenntahátíð. Í Vín komumst við eitt skiptið í samstarf við menningarskrifstofu Vínarborgar. Þetta tryggði breiðari kynningu og áheyrendahóp.

Að mörgu leyti eru almennar aðstæður fyrir menningardagskrár í Kaupmannahöfn líkar því sem lýst er hér að framan. Menningarframboðið er ríkulegt. Þær eru þó aðrar þar í borg en í München og Vín hvað snertir íslenskar menningarkynningar sérstaklega að því leyti að Íslendingar eru mun nær Dönum en Þjóðverjum og sérstaklega Austurríkismönnum – meiri fjöldi Íslendinga býr að staðaldri í Danmörku en annars staðar á jarðarkringlunni utan Íslands, mikið framboð er af alls konar menningu frá Íslandi allan ársins hring, svo Ísland er ekki á sama hátt fjarlæggt og forvitnilegt sem sunnar í Evrópu.

Sumir sendikennarastólarnir eru þannig settir að ekki er í rauninni gert ráð fyrir því að þeir sem í þeim sitja sinni öðrum störfum en kennslu.¹⁷ Af hluta sendikennaranna er krafist

¹⁷ Það tekur mikinn tíma að skipuleggja menningardagskrá. Stikkorðalistinn hér á eftir gefur yfirlit yfir vinnuferlið í kringum skipulagningu á dagskrá/ráðstefnu: Ráðslag, þankastormar og hugmyndavinna meðal samstarfsmanna um ramma hátíðarinnar, tíma, stað og gesti. – Samstarfsaðila leitað og fjármögnunarleiða. –

rannsóknarvinnu (minnihluta nú á síðustu árum). Mér er ekki kunnugt um að gert sé formlega ráð fyrir menningarkynningarstarfi af hálfu sendikennara við nokkra stofnun nema í Berlín.¹⁸ Má þó vera að svo sé. Miklar og auknar kröfur eru gerðar til háskólakennara varðandi framlag þeirra til kennslu og rannsókna og sér í lagi hefur allt eftirlit og skýrslugerð um vinnuna víða orðið umfangsmeira á síðustu árum. Þar sem menningarkynningarstarfsemi er formlega ekki hluti af starfi háskólakennara má segja að hún verði að fara fram utan reglulegs starfstíma (kennslu og rannsóknarstarfanna). Sendikennarar standa þó að nokkru utan við nefndar kröfur (a.m.k. flestir varðandi rannsóknarvinnu) og það er vissulega víðast litið jákvæðum augum á menningarkynningarstarf sendikennara meðal nánasta samstarfsfólks þeirra (þ.e.a.s. á Norðurlandastofnununum) vegna þess að það telst koma starfi stofnananna til góða.

Launaframlag Stofnunar Sigurðar Nordals¹⁹ til sendikennara og styrkir Samstarfsnefndarinnar um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis²⁰ hefur hvort tveggja verið mjög mikilvægur stuðningur við menningarkynningarstarfið. Launaframlagið má að nokkru leyti líta á sem þóknun fyrir störf sem ekki eru í reyndinni skilgreind sem starf háskólakennara, eins og t.d. menningarkynningarstarfið, og styrkir Samstarfsnefndarinnar eru gott veganesti þegar leitað er samstarfsaðila. Þeir eru frekar samvinnufúsir þegar þeir sjá að Norðurlandastofnanirnar geta lagt til fjármuni á móti þeim. Frá háskólunum er sjaldnast mikils fjárstuðnings að vænta nema um sé að ræða ráðstefnur og fyrirlestrahald. Samvinna á milli Norðurlandastofnana varðandi boð til listamanna og fyrirlesara og skipulag menningardagskráa er æskileg til að nýta ferðir og halda kostnaði niðri.

6. Lokaorð. Þróun menningarkennslunnar í samhengi íslenskukennslunnar

Að lokum langar mig að segja fáein orð um í hvaða átt mér fyndist íslenskukennslan erlendis mætti gjarna þróast með tilliti til menningarkennslu. Lengst af og víðast hefur kennslan í íslensku máli, bókmenntum og menningu verið í nánnum tengslum við kennsluna í skyldum tungum. Hún hefur verið og er í langflestum tilfellum hýst innan stofnana í móðurmálsfræðum/norrænum málum (á Norðurlöndum), Norðurlandafræðum, germönskum fræðum eða ensku. Þetta hefur óhjákvæmilega leitt til ákveðinna áherslna í kennslunni sem eiga rætur að rekja til „philologískrar“ fræðaiðkunar (málsögu, útgáfuvinnu, menningar- og bókmenntasögu með „philologískum“ vinkli). Íslenskukennslan hefur vissulega þróast með öðrum greinum Norðurlandafræðanna frá því fyrstu íslenskulektorarnir héldu utan til starfa í kringum miðja síðustu öld²¹ en ég vil halda því fram að stofnanalegar forsendur íslenskukennslunnar séu enn mjög víða mjög mótaðar af hinum elstu rótum. Nú vil ég taka skýrt fram að ég vil ekki leggja því gamla fyrir róða – það er vissulega þörf fyrir fólk sem fæst við verkefni á sviði útgáfuvinnu og menningarsögu með hinum gömlu góðu „philologísku“ áherslum. Varla verður deilt um það að innan Norðurlandafræða/norrænna fræða er íslenskukunnáttan nytsamleg fyrir fólk

Umsóknir um styrki samdar. – Gestum boðið. – Dagskráratíðum raðað niður og dagskrárþæklingur útbúinn með tilheyrandi efni um gesti. – Nemendur á stofnuninni kynntir fyrir gestum og undirbúnir: Misserisnámskeið, helgarnámskeið, styttri kynningar, vinna með verk gestanna. Nemendur að einhverju leyti teknir með í undirbúningsvinnuna. – Verkaskipting meðal undirbúningsliðsins varðandi undirbúninginn: Skrif í dagskrárþækling, umsjón með peningamálum o.fl. – Samskipti við fjölmiðla og kynning á dagskránni/Skrif fyrir fjölmiðla. – Dagskráin fer fram með meiri og minni umsjá og þátttöku undirbúningsliðsins: Fundarstjórn, kynningar á listamönnum, túlkun. – Eftirvinnan: Uppgjör varðandi peningamálin, skýrsluvinna fyrir stuðningsaðila.

¹⁸ Þar mun beinlínis standa í ráðningarsamningi að sendikennarinn eigi að standa fyrir menningarkynningum samkvæmt upplýsingum Jóns Gíslasonar.

¹⁹ Nú Stofnu Sigurðar Nordals við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

²⁰ Nú Norrænu málnefndarinnar.

²¹ Sjá yfirlit um starfstíma íslenskra sendikennara við erlenda háskóla: Magnús Hauksson: „Tal íslenskukennara erlendis“, http://www.nordals.hi.is/page/tal_islenskukennara_erlendis.

með slíka skólun. Íslenskukennslan verður eflaust áfram hýst innan stofnana sem fyrst og fremst fást við textarannsóknir og málvísindi.

En það eru not fyrir íslenskukunnáttuna á fleiri sviðum og þá ekki síst á meðal aðila er vinna við menningartengsl, ferðaþjónustu, fjölmiðlun og viðskipti. Þar er þörf á fólki sem hefur viðtæka kunnáttu á samfélagsmálum og menningu á Íslandi/Norðurlöndum og góða færni í íslensku. Það þyrfti að tengja kennsluna í íslensku máli enn umfangsmeiri uppfræðslu um íslenskt samfélag, menningu og sögu – bókmenntunum virðist mér ítarlegar sinnt en flestu öðru í menningarkennslugeiranum – svo íslenskukennslan höfði til fólks sem vill halda út á ofanefndan starfsvettvang. Ég myndi gjarna vilja sjá almenna áherslutilfærslu innan fleiri stofnana í átt til þess sem sett er fram á heimasíðu Norður-Evrópastofnunarinnar við Humboldt-háskóla í Berlín. Þar segir m.a. um endanlegt markmið námsins í Norðurlandafræðum við stofnunina eftir að áherslum og leiðum hefur verið lýst: „Damit sind Absolvierende des Studiums qualifiziert für spätere wissenschaftliche, kulturelle bzw. kulturvermittelnde, kommunikative oder künstlerische Berufstätigkeiten im In- wie Ausland.“ Við þessa stofnun er ein af fjórum höfuðgreinum fagsins Skandinavistische Kulturwissenschaft (hinar þrjár eru norræn miðaldafræði, skandinavískar seinni alda bókmenntir og málvísindi). Í sömu heimild er tekið fram að norræn menningarfræði við stofnunina í Berlín fái við 1) samfélag og stjórnsmál Norðurlandanna, 2) sögu þeirra og 3) í þriðja lagi liggur áherslan á „einer Kulturwissenschaft, die sich eher am allgemeinen Verständnis von Kulturwissenschaft orientiert und vor allem die verschiedenen Modi kultureller Bedeutungsproduktion in verschiedenen Medien untersucht“. Um mögulegan starfsvettvang eftir námið á þessum sviðum norrænna menningarfræða segir eftir að ofangreindum áherslum hefur verið lýst: „Die beruflichen Perspektiven der Absolventen liegen – sofern keine Hochschullaufbahn angestrebt wird – erfahrungsgemäß primär im Medien, sowie Consultingbereich, im (häufig grenzüberschreitenden) Kulturmanagement sowie neuerdings auch im diplomatischen Dienst.“²² Fyrir fólk sem hefur áhuga á að feta í átt til þessa starfsvettvangs með íslenskukunnáttu í farteskinu þarf íslenskunám erlendis að bjóða upp á spennandi og notadrjúga kennslu og þá gjarna í samhengi við hin almennari norrænu menningarfræði (skandinavistische Kulturwissenschaft) sem að sjálfsögðu mega ekki líta fram hjá íslenskum viðfangsefnum. Stofnanirnar þurfa að opna meir en nú er raunin leið fyrir slíkar áherslur.

Og að lokum þetta: Ég vil halda því fram að menningarkynningar með þátttöku listamanna og fyrirlesara frá Norðurlöndum/Íslandi, ásamt mjög stífri kynningu á gestum og viðfangsefnum fyrir stúdentum í Norðurlandafræðum/íslensku og helst einbeittri viðleitni til að draga þá með í vinnuna í kringum dagskránnar sé góð æfing fyrir margan stúdentinn fyrir framtíðarstarf á þeim vettvangi sem nefndur er í tilvitnuninni í textann á heimasíðu stofnunarinnar í Berlín.

²² http://www2.hu-berlin.de/skan/institut/selbstreport/selbst2/2_2_2.htm. Ég minnst þess að þegar við sátum fyrir nokkrum árum við það að búa til nýtt námsskipulag fyrir Norðurlandafræðin við stofnunina í Vín var gengið út frá keimlíkum „Berufsprofil“.

Heimildir

Netefni:

Netsíður Norðurlandastofnananna sem litið var á kennsluframboðið hjá vegna fyrirlestursins:

Björgvin: <http://www.hf.uib.no/i/Nordisk/nymappe/> (síðast sótt 10.11.2007)
Gautaborg: <http://hum.gu.se/institutioner/svenska-spraket/> (síðast sótt 10.11.2007)
Uppsali: <http://www.nordiska.uu.se/> (síðast sótt 10.11.2007)
Helsingfors: <http://www.helsinki.fi/nordica/> (síðast sótt 20.7.2007)
Kaupmannahöfn: <http://www.nfi.ku.dk/> og <http://www.nordisk.ku.dk/> (síðast sótt 10.11.2007)
Berlín: <http://www2.hu-berlin.de/skan/> (síðast sótt 10.11.2007)
Erlangen: http://www.nordals.hi.is/page/lektor_erlangen og <http://www.germanistik.phil.uni-erlangen.de/main.php> (síðast sótt 10.11.2007)
Kiel: <http://www.nord-inst.uni-kiel.de/nordframes.html> (síðast sótt 10.11.2007)
München: <http://www.lrz-muenchen.de/~nordinst/> (síðast sótt 10.11.2007)
Vín: <http://www.univie.ac.at/skandinavistik/> (síðast sótt 10.11.2007)
London: <http://www.ucl.ac.uk/scandinavian-studies/> (síðast sótt 10.11.2007)
Winnipeg: <http://umanitoba.ca/faculties/arts/departments/icelandic/index.html> (síðast sótt 10.11.2007)
Caen: http://www.unicaen.fr/lve/Dept/Etudes_nordiques/langues_scandinaves_index.html og <http://www.unicaen.fr/etudesnordiques> (síðast sótt 10.11.2007)
Lyon: http://langues.univ-lyon2.fr/rubrique.php?id_rubrique=85 (síðast sótt 10.11.2007)
París: http://www.nordals.hi.is/page/lektor_paris og <http://www.paris-sorbonne.fr/fr/spip.php?article4987> (síðast sótt 10.11.2007)
Greifswald: http://www.phil.uni-greifswald.de/inst_nord.html (síðast sótt 10.11.2007)

Netsíður norrænna menningarháttíða sem reglulega eru haldnar:

Boréales, Normandie: <http://www.crl.basse-normandie.com/03-boreales/0-boreales.html> (síðast sótt 10.11.2007)
Nordischer Klang, Greifswald, Mecklenburg-Vorpommern: <http://www.nordischer-klang.de> (síðast sótt 10.11.2007)

Skýrslur nokkurra sendikennara gerðar fyrir Handbók um íslenskukennslu erlendis, varðveittar í Sarpinum, netsíðu sem Kristinn Jóhannesson hefur umsjá með:

Daisy Neijmann (London): Skýrsla um „Landeskunde“
Daisy Neijmann (London): Skýrsla um bókmenntakennslu
Kristín M. Jóhannesdóttir (Winnipeg): Skýrsla um bókmenntakennslu og kennslu í „Landeskunde“
Margrét Eggertsdóttir (Kaupmannahöfn): Skýrsla um bókmenntakennslu
Margrét Eggertsdóttir (Kaupmannahöfn): Skýrsla um kennslu í íslenskri menningu og samfélagi við háskólann í Kaupmannahöfn 1999-2002
Kristinn Jóhannesson (Gautaborg): Skýrsla um bókmenntakennslu og kennslu í samfélagsfræði
Magnús Hauksson (Vín): Skýrsla um kennslu í „Landeskunde“
Magnús Hauksson (Vín): Skýrsla um bókmenntakennslu

Magnús Hauksson: „Tal íslenskukennara erlendis“, http://www2.hi.is/page/arnastofnun_al_tal_islenskukennara_erlendis (síðast sótt 10.11.2007)

Óútgefið efni:

Árlegar skýrslur sendikennara nokkur síðustu ár, varðveittar á Stofnun Sigurðar Nordals.

Óbirtur fyrirlestur Kristins Jóhannessonar á lektorafundinum í Vín árið 1999 um samfélags- og menningarkennslu í Gautaborg.

Nokkrar heimildir um „Landeskunde“- og bókmenntakennslu:

Manfred Erdmenger: *Landeskunde im Fremdsprachenunterricht* (Forum Sprache). Ismaning, Hueber 1996.

Bernd Henningsen: „Nordeuropa-Studien. Die Skandinavistik als Kulturwissenschaft“, *Die Skandinavistik zwischen gestern und morgen. Bestandsaufnahme und Zukunftsperspektiven eines „kleinen Faches“* (Schriftenreihe der Akademie Sankelmark. Neue Folge 59), Herausg.: Bernd Henningsen und Rainer Pelka, 1984, 81-97.

Bernd Henningsen: „Skandinavische Landeskunde – Nordeuropa-Studien. Zur Theorie und Praxis eines neuen Fachverständnisses“, *Auf-Brüche. Uppbrott och uppbrytningar i skandinavistisk metoddiskussion*, herausgegeben von Julia Zernack, Karl-Ludwig Wetzig, Ralf Schröder, Sabine Tiedke (Artes et Litterae Septentrionales 4), Literaturverlag Norden Mark Reinhardt, Leverkusen 1989, 72-105.

Biechele, Markus / Alicia Padrós: *Didaktik der Landeskunde* (Fernstudieneinheit 31), Fernstudienprojekt zur Fort- und Weiterbildung im Bereich Germanistik und Deutsch als Fremdsprache, Kassel, München, Tübingen / Goethe Institut Inter Nationes, München / Langenscheidt, Berlin [...] 2003.

Bischof, Monika / Viola Kessling / Rüdiger Krechel: *Landeskunde und Literaturdidaktik* (Fernstudieneinheit 3), Fernstudienprojekt zur Fort- und Weiterbildung im Bereich Germanistik und Deutsch als Fremdsprache, Kassel, München, Tübingen / Goethe Institut Inter Nationes, München / Langenscheidt, Berlin [...] 1999.

Kristinn Jóhannesson: „Nýir tímar – ný landsala“, *Ímynd Íslands. Ráðstefna um miðlun íslenskrar sögu og menningar erlendis 30. október 1993*, ritstj.: Elín Bára Magnúsdóttir og Úlfar Bragason, 47-60.

Magnús Hauksson: „Eine „kleine“ Sprache unterrichten“, *Österreich im Norden – Der Norden in Österreich. Forschung trifft Praxis. Tagungsband* (Wechselbeziehungen Österreich – Norden (WÖN) 1), Redaktion: Matthias Langheiter-Tutschek, Wolfgang Malik, Sven Hakon Rossel, Edition Praesens, Wien 2003, 38-44.

Karen Risager: „Kulturformidling“, *Grundbog i Fremmedsprogspædagogik*. Redigeret af Gabriele Kasper & Johannes Wagner, Gyldendal, København 1989, 254-269.

Karen Risager: „Kulturtilægnese og kulturundervisning“, í: *Studier i dansk som andetsprog*, redigeret af Anne Holmen og Karen Lund, Akademisk forlag, København 1999, 207-236.

Sæmundur G. Halldórsson: „Kaum Interesse für das moderne Island. Zur Situation der Islandistik an deutschen Universitäten“, *In der Sprache der Sagas. Zeitgenössische isländische Literatur im deutschen Sprachraum* (Materialien zum Internationalen Kulturaustausch 34), Hg.: Susanne Sporrer / Luise Iwan, Institut für Auslandsbeziehungen, Stuttgart 1995, 49-53.

Wicke, Rainer Ernst: *Kontakte knüpfen* (Fernstudieneinheit 9), Fernstudienprojekt zur Fort- und Weiterbildung im Bereich Germanistik und Deutsch als Fremdsprache, Kassel, München, Tübingen / Goethe Institut Inter Nationes, München / Langenscheidt, Berlin [...] 1995.

Österreich im Norden – Der Norden in Österreich. Forschung trifft Praxis, Tagungsband (Wechselbeziehungen Österreich – Norden (WÖN) 1), herausgegeben von Matthias Langheiter-Tutschek, Wolfgang Malik und Sven Hakon Rossel, Edition Praesens, Wien 2003.

Kennslufni:

Bragi, <http://www2.hu-berlin.de/bragi/> (síðast sótt 10.11.2007).

Carry on Icelandic: Learn Icelandic and enjoy it!, Stofnun Sigurðar Nordals 2004 [geisladiskur]. (Sjá: http://www.nordals.hi.is/page/arnastofnun_al_islandogislendingar og <http://digicoll.library.wisc.edu/cgi-bin/IcelOnline/IcelOnline-idx?id=IcelOnline.CarryOnIcel> (síðast sótt 26.11.2007).

Icelandic on-line, <http://icelandic.hi.is/> (síðast sótt 10.11.2007).

Jón Gíslason og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir: *Landsteinar. Textabók í íslensku fyrir útlendinga*, Málvísindastofnun HÍ., Rv. 1995.

Dreifildi 2: Menningardagskrár

Rósa Sveinsdóttir og Magnús Hauksson

Listi yfir menningardagskrár og ráðstefnur 1992-2005 sem skipulagðar hafa verið af eða í samvinnu við norrænustofnanirnar sem íslenskir sendikennarar starfa við. (Heimsókna einstakra listamanna er ekki getið nema þegar þær eru liðir í stærri dagskrá). (Dreifildi)

Athugasemd: Skráin er byggð á lista sem Rósa Sveinsdóttir útbjó um þau verkefni sem studd hafa verið frá 1992 af Samstarfsnefndinni um kennslu í Norðurlandafræðum og einnig á lista sem Magnús Hauksson vann upp úr skýrslum sendikennara frá 1997.

Greifswald 1992: Nordischer Klang – kynning á nútímaljóðlist og músík, 18.-24. maí 1992.
Erlangen 1992: Norrænar kvennabókmenntir, 6. júlí 1992.

Caen 1993: Les Boréales de Normandie, 21. nóv.-5. des. 1993.

Caen 1994: Les Boréales de Normandie, 20. nóv.-30. nóv. 1994.

München 1994: Skandínávísk bókmenntahátíð: Der Norden spricht Bände, 20.-27. nóv. 1994.

Nürnberg 1995: Norrænir menningardagar 3.-7. maí 1995 á vegum Nürnbergborgar (Bildungszentrum der Stadt Nürnberg) í samvinnu við norrænu sendikennarana við Erlangen-háskóla. Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur meðal gesta á menningardögnum.

Greifswald 1995: Ny ? – sprákundervisning – forskning.

Köln 1995: Samtímaljóðlist á Norðurlöndum, 14.-16. nóv. 1995.

Caen 1995: Norrænir dagar, 18. nóv.-6. des. 1995.

Berlín 1995: Fimm norrænir rithöfundar, okt. 1995 – febr. 1996.

Greifswald 1996: Vikingar i södra området av Östersjön.

Kiel 1996: Nordisches Filmfest Kiel, 18.-21. apríl 1996.

Greifswald 1996: Symposium „Jass & Poetry“, 3.-8. maí 1996.

Caen 1996: Norræn menning í Frakklandi, 15. nóv.-15. des. 1996.

München 1997: Bayern liest, 6.-16. mars 1997.

Erlangen 1997: Bayern liest, 27. maí 1997.

Erlangen 1997: Salonkultur und Reiselust, 6.-7. júní 1997.

Caen 1997: Nordlys i Normandie, nóv. 1997.

Greifswald 1997: Das Bild der Mutter in der skandinavischen und finnischen Gegenwartsliteratur.

Vín 1997: Norden – centrum og periferi, des. 1997.

München 1998: Der ungereimte Norden, 13.-14. nóv. 1998.

Vín 1998: Norrænir smásagnahöfundar, 16.-17. nóv. 1998.

Kaupmannahöfn 1998: Formidling af nordisk vikinge- og middelalderkultur 17.-19. apríl 1998.

Helsinki 1999: Málþing um norrænar barokkbókmenntir 9.-10. apríl 1999.

Vín 1999: Wechselbeziehungen Österreich-Norden, 18.-20. nóv. 1999. Kristín Steinsdóttir var íslenski gesturinn og fór einnig til München og las upp.

Caen 1999: Les Boréales de Normandie, 15.-30. nóv. 1999.
Greifswald 1999: Nordiska impressioner. Litteratur och musik, 1.-4. maí 1999.

Greifswald 2000: Nord, Tone og Billede i intermedialt perspektiv.
Berlin 2000: Isländische Literatur im Schloss Wiepersdorf - 24. September 2000. Lesung von Einar Kárason, Guðbergur Bergsson und Vigdís Grímsdóttir. Moderation: Soffía Gunnarsdóttir und Andreas Vollmer
Berlin 2000: Kontinentaldrift - Isländische Literatur- und Filmtage - 2.-8. November 2000

Helsinki 2001: Málþing um sögulegar skáldsögur á Norðurlöndum 6.-8. apríl 2001. Þórarinn Eldjárn var á meðal gesta.
Berlin 2001: Transformationen – nordisk literaturworkshops, sumarið 2001.
Greifswald 2001: Språkkultur och identitet. Internationellt symposium om inhemska minoriteters språksituation i Norden.
München 2001: Nordische Stimmen 17.-20. maí 2001
Vín 2001: Norræn bókmenntadagskrá: „Nordische Gegenwartsliteratur“, 20.-22. maí 2001.
Kiel 2001: Der lyrische Norden 28.-29. nóv. 2001.

Kaupmannahöfn 2002: Laxnessþing 23. apríl 2002.
London 2002: Laxnessþing 14. sept. 2002.
Erlangen 2002: Von der Neuromantik zum Dokumentarroman – Grosse nordische Erzähler des 20. Jahrhunderts, symposium, 2.-5. maí 2002.
Kiel 2002: NordOstPassage. Literaturtage des Ostseeraums 23.-26. apríl 2002. Viðfangsefni: Sonderlinge und andere literarische Zeitgenossen. Kristín Marja Baldursdóttir meðal gesta. Bókmenntakvöld í Kiel 22. apríl 2002 í Literaturhaus, Kiel. „Europa erzählt“. Gestur Kristín Marja Baldursdóttir.
Vín 2002: „Österreich im Norden – Der Norden in Österreich“ 23.-28. apríl 2002.

Greifswald 2003: Nordischer Klang. Ísland var í brennidepli. Laxness-sýning, Ólafur Haukur Símonarson meðal gesta og leikrit hans Hafið sýnt, sýning þriggja íslenskra listmálara o.fl.

Greifswald 2004: Nordentekst: Vi vil, vi kan, vi tør, 10.-12. maí 2004. Auður Jónsdóttir meðal gesta og 101 Reykjavík sýnd.
Schwerin 5.-9. maí 2004: 14. kvikmyndahátíðin í Schwerin: Ísland í brennidepli, 9 ísl. kvikmyndir sýndar. Hartmut Mittelstädt skrifaði um kvikmyndalandið Ísland í kynningarbækling.
Vín 2004: 25. IASS-ráðstefnan (International Association for Scandinavian Studies) var haldin í Vín 2.-7. ágúst 2004. Titill ráðstefnunnar: Der Norden im Ausland - der Ausland im Norden.
Erlangen 2004: Zentrum am Nordrand Europas. Nidaros als Ort der Kulturvermittlung im 12. und 13. Jahrhundert, þverfaglegt málþing um mennigarmiðlun frá erkibiskupssetrinu í Niðarósi á 12. og 13. öld.

Greifswald 2005: Det nordiske elektroniske medielandskab.
Greifswald 2005: Nordischer Klang í maí.

Ramminn.

Athuga skal:

1) Íslenskan er hluti af stærra fagi.

2) Innan þess fags sem íslenskan tilheyrir er jafnan lögð stund á bæði norrænar bókmenntir og málvísindi. Á færri stöðum er fengist við menningarfræði („Kulturwissenschaft“).

3) Löng hefð er fyrir því að sinna fornnorrænum málum, bókmenntum og menningu við stofnanir í Norðurlandafræðum og móðurmálsfaginu (á Norðurlöndum). Á síðustu áratugum hefur áherslan verið að færast á síðari tíma.

Heildarmyndin af kennsluframboði Norðurlandastofnananna

Áherslurnar liggja fyrst og fremst á:

- 1) eldri vesturnorrænum bókmenntum og menningarsögu,**
- 2) 19. og 20. aldar bókmenntum Dana, Svía og Norðmanna,**
- 3) menningarfræðum er hafa sögu, samfélag og menningu Dana, Svía og Norðmanna fyrst og fremst í brennidepli,**
- 4) nútíma málvísindum.**

Fáar stofnanir leggja stund á öll sviðin.

**Almennt um menningaruppfræðslu í tengslum við málakennslu.
(Reyndar séð frá sjónarhóli þeirra er kenna
innflytjendum/nemendum er dvelja í samfélagi markmálsins).**

**„Man kan skelne mellem tilgange, der primært ser arbejdet med
det kulturelle aspekt som led i:**

- * kontekstualisering af sprogundervisningen**
- * socialisering af eleverne**
- * formidling af viden om samfundsmæssige og kulturelle
forhold**
- * udvikling af kulturel opmærksomhed”**

(Lars Holm/ Helle Pia Laursen: *Andetsprogsdidaktik*, Dansk lærerforeningen
2004, 161)

Menningarkennsla íslenskukennara erlendis – mismunandi námskeið:

*** Menningarkennslan fer fram í sérstökum námskeiðum um land og þjóð. Kennslan fer fram á máli nemendanna og engar eða mjög litlar kröfur eru gerðar um kunnáttu í íslensku.**

*** Námskeið fyrir nemendur sem lært hafa talsvert í íslensku og vilja takast á við að lesa íslenskar bókmenntir á frummálinu og íslenska texta um valin efni er snerta menningu, samfélag og sögu.**

*** Menningarkennslan er liður í málakennslunni. Uppfræðslu um land og þjóð fléttað inn í námskeið í íslensku máli.**

Hvers vegna kenna skal um menningu og samfélag

1) Aukin menningarfærni. Miðla þarf nauðsynlegri bakgrunnsþekkingu og færni svo nemendur geti beitt málinu rétt við tiltækar aðstæður.

2) Áhugavaki. Margir stunda tungumálanám ekki síst vegna forvitni um þá þjóð/þær þjóðir sem tala(r) málið. Sjálfsagt er að reyna að svara henni og einnig að beita henni í málakennslunni.

3) Hægt er að læra af menningu, háttum og siðum annara þjóða. Svipuð rök og stundum eru notuð sem réttlætning sögukennslu: Við getum hugsanlega lært af fortíðinni/öðrum menningarheimum.

4) Kynna það sem er framandi. Heimurinn er ekki alls staðar eins.

5) Reynsla af því sem er framandi setur það sem er manni nákomuð í nýtt ljós. Nemandi tileinkar sér ný viðmið og gildi sem hann ber við eigin aðstæður.

6) Auka skilning milli þjóða.

7) Og ...

Mikilvæg viðbótarástæða er gildir sérstaklega fyrir háskólakennslu/háskólanám:

7) Með tilliti til að um er að ræða háskólanám, sem helst á að leiða til kunnáttu og færni í ákveðnum störfum, er mikilvægt að bjóða upp á uppfræðslu um land og þjóð, samfélag, sögu og menningu til að gera nemendur færa um að starfa á vettvangi þar sem þessi þekking og íslenskukunnáttan kemur til góða, t.a.m. menningartengslum og -miðlun, viðskiptum, fjölmiðlun, ferðaþjónustu

Um vinnuferlið í kringum menningardagskrár.

- **Ráðslag, þankastormar og hugmyndavinna meðal samstarfsmanna um ramma hátíðarinnar, tíma, stað og gesti.**
- **Samstarfsaðila leitað og fjármögnunarleiða.**
- **Umsóknir um styrki.**
- **Gestum boðið.**
- **Dagskrá útbúin með tilheyrandi efni um gesti (dagskrárbæklingur).**
- **Nemendur á stofnuninni kynntir fyrir gestum og undirbúnir: Misserisnámskeið, helgarnámskeið, styttri kynningar, vinna með verk gestanna. Nemendur að einhverju leyti teknir með í undirbúningsvinnuna.**
- **Verkaskipting meðal undirbúningsliðsins varðandi undirbúninginn: Skrif í dagskrárbækling, umsjón með peningamálum o.fl.**
- **Samskipti við fjölmiðla og kynning á dagskránni/Skrif fyrir fjölmiðla.**
- **Dagskráin fer fram með meiri og minni umsjá og þátttöku undirbúningsliðsins: Fundarstjórn, kynningar á listamönnum, túlkun.**
- **Eftirvinnan: Uppgjör varðandi peningamálin, skýrsluvinna fyrir stuðningsaðila.**